


Heilsuleikskólinn Kæribær

Umsókn um Grænfánann 2018

orka



„Grænfáninn“

Skýrsla heilsuleikskólans Kærabæjar

á Kirkjubæjarklaustri fyrir umsókn Grænfánans 2018-2020.

Þá er komið að því að gera grein fyrir starfi Heilsuleikskólans Kærabæjar á Kirkjubæjarklaustri síðastliðin tvö ár og sækja um nýjan fána fyrir næstu tvö árin.

Kæríbær fékk Grænfánann fyrstur allra skóla í Skaftafellssýslum, 4. júní 2008 og hefur hann blakt við hún fyrir utan skólann síðan. Við erum óskaplega stolt af því að hafa fengið þessa viðurkenningu sem hvetur okkur áfram til að halda áfram í umhverfismennt og náttúrufræðikennslu á lýðræðislegan hátt.

Heilsuleikskólinn Kæríbær er einnar deildar leikskóli og er ein umhverfisnefnd við hann.

Meginmarkmið skólans síðustu tvo vetur voru:

1. Að kynna og læra um orku í sem víðasta samhengi.
2. Að kanna hvað og hverjir þurfa á orku að halda.
3. Að kanna hvernig orka verður til.
4. Samspil mannsins, orku og náttúrunnar.
5. Að draga úr umfangi sorps með því að flokka endurvinnanlegt efni.
6. Að endurvinna - og nýta það efni sem fellur til á leikskólanum

Umhverfisnefnd

Í umhverfisnefnd veturinn 2016-2017 sátu: Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri, Jóhannes Elmar Lange deildar- og verkefnisstjóri, Sólveig Ólafsdóttir fulltrúi foreldra auk 9 barna úr tveimur elstu árgöngunum.

Í umhverfisnefnd veturinn 2017-2018 sátu: Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri, og verkefnisstjóri, Sunneva Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra auk 8 barna úr tveimur elstu árgöngunum.

Samtals voru haldnir 4 fundir í umhverfisnefndinni 2016-2017 og 2017-2018 voru 3 fundur.

Fundirnir eru haldnir með formlegum hætti. Skólastjóri boðar til fundarins og stjórnar þeim. Einnig eru fundirnir fyrirfram ákveðnir og kemur dags- og tímasetning þeirra fram á skóladagatali. Fundirnir eru öllum opnir en foreldrar eiga þó fastan fulltrúa. Fundargerð er skráð og hún síðan lesin upp í upphafi næsta fundar og þá kemur strax í ljós hvort við höfum unnið að þeim samþykktum sem gerðar voru. Fundargerðirnar eru svo settar á heimasíðu leikskólans.

Staða umhverfismála

Staða umhverfismála hefur ekki verið metin með formlegum hætti enn sem komið er á þessu tímabili. Gátlistinn um umhverfismat hefur þó verið sóttur af heimasíðu Landverndar og bíður þess að umhverfisnefnd og starfsfólk fari yfir hann fyrir næsta fund.

Áætlun - þema

Þemað okkar þessa tvo vetur var orka. Fyrsta verkefni vetrarins er að fræðast um hvernig kartöflur fá orku til að vaxa. Við gróðursettum kartöflur í vor og erum nýbúin að taka þær upp og því er þetta tilvalið verkefni. Við gerðum líka litla tilraun með fræ og athuguðum hvort birta og vatn séu nauðsynlegir orkugjafar. Annar dallurinn fékk að vera út í glugga og fékk vökvun, hinn dallurinn var í myrkri geymslu og fékk enga vökvun. Við fengum fróðleik um kartöflur frá bókum og af netinu.

Spáð og spekúlerað hefur verið í orku og hinum ýmsu tegundum af orku. Við horfðum í gegnum gleraugu sem brjóta niður ljósgeisla. Svo var hitaorka rædd fram og til baka t.d að maturinn væri alltaf kaldur ef ekki væri hitaorka og að það væri alltaf kalt í húsunum ef ekki væri hitaorka og margt fleira. Við endurunum kertavax til að búa til ný kerti og kom fram að hitaorka myndaðist við að kveikja á kertunum. Við skoðuðum mat sem orkugjafa fyrir okkur og var það hluti af því að rýna í hitaorku. Einnig var áramótabrennan umræðuefni þar sem við mundum eftir hitanum sem kom frá henni.

Við gerðum meðal annars listaverk úr kertavaxi straujuðum vaxliti á blað og bjuggum til vindmyllur fyrir litasýninguna sem haldi var á degi leikskólans. Við ræddum um að þetta var allt á einhvern hátt tengt raforku og skapaðist þó nokkur umræða um hana. Einnig var ákveðið að skoða og læra eitthvað um sólarorku. Fram kom að við höfum skoðað hana í samhengi við kartöflu garðinn okkar, þar sem

þær þurfa bæði sólina og rigninguna til að vaxa. Þá kom fram að við settum áburð í garðinn og þannig yrði meiri orka í moldinni fyrir kartöflurnar og radísurnar í garðinum. Mikil umræða skapaðist um það hvað væri orka og komumst við að því að olía, vatn, mold, sólín, ávextir og grænmeti væru allt orkugjafar. Eftir þessar umræður rifjaðist upp fyrir okkur að við höfum verið að skoða sólina. Við skoðuðum bækur og myndir sem við fundum á netinu um sólina. Þar fundum við meðal annars sneiðmynd af sólinni. Okkur þótti kjarninn í sólinni mjög merkilegur og skapaðist mikil umræða um það hversu heit hún er og að við myndum bráðna ef við færum of nálágt henni. Okkur þótti sólinn mjög flott og áhugaverð og vorum við sammála um að hún væri mikill orkugjafi. Meðal annars kom fram að ef sólín skín á svartan bíl þá verður hann mjög heitur og allt sem væri svart hitnaði mikið í sólinni. Þegar við vorum að afla okkur upplýsinga um sólina komumst við að því að sólín, vatnið og vindurinn geta framleitt fyrir okkur rafmagn. Einnig kom fram að sólinn er mjög stór og er gul og sólinn er eiginlega bara eldur.

Við athuguðum hvort ávextir og grænmeti geti búið til orku sem hægt er að nota fyrir eitthvað annað en okkur eins og til dæmis að kveikja á klukku. Við gerðum þessa tilraun og voru allir fundar menn sammála um að hún hafi tekist mjög vel. Okkur tókst þó ekki að nota þeruna en eplið og tómaturnir virkuðu. Allir fundarmenn voru sammála um að ávextir væru góðir orkugjafar, hvort heldur til að kveikja á klukku eða til að gefa okkur sjálfum orku.

Skoðuð voru nokkur spjöld af ýmsu sem gefur okkur orku eins og t.d. vindmyllum, kolum, gasi og sól. Við veltum fyrir okkur hvað notaði orkugjafann rafmagn og vorum við ekki í vandræðum með að svara því, t.d. rafmagnsljós, rafmagnsstaur, rafmagnsvír, tölvan og ljósapera. Við höfðum skoðað hina ýmsu hluti í leikskólanum sem nota rafmagn, gerðum tilraun með blöðrum, þar sem við nudduðum þeim í hárið á okkur, í lopavettling og gólfmottuna og reyndum svo að færa áldós með blöðrunni án þess að koma við dósina.

Eftirlit og endurmat

Sem áður segir hefur ekki farið fram formlegt eftirlit eða endurmat. Hinsvegar fá börnin það verkefni í lok hverrar viku að flokka allt endurvinnanlegt efni sem fellur til. Öllu er safnað saman í einn kassa og á föstudögum er kassinn tekin og flokkað upp úr honum í sorpkassa. Á sorpkössunum er mynd og útskýringar um það hvað á að fara í hvern kassa fyrir sig. Um leið og þetta á sér stað eru nemendur fræddir um umhverfismál með áherslu á endurvinnslu- og nýtingu. Þegar hver sorpkassi er fullur er hann tæmdur og farið með innihaldið út í tunnu en leikskólinn er með flokkunartunnur. Núna þegar liðið er á veturinn eru krakkarnir orðnir mjög færir í að greina sorpið og flokka það nánast algerlega hjálparlaust.

Þegar farið er í göngutúra eða vettvangsferðir er ávalt tekin með fjölnota þóki í þeim tilgangi að týna upp sjáanlegt rusl sem verður á vegi okkar og um leið ræðum við um það hversu mikilvægt það er að halda umhverfi okkar hreinu.

Leikskólinn kynnir einnig stefnu sína með óformlegum hætti með því að bjóða foreldrum, ættingjum og vinum uppá að taka þátt í ýmskonar endurvinnslu. Þar ber t.d. að nefna kertagerð úr kerta- og vaxafgöngum þar sem öllum er boðið að koma á leikskólann einn dag í þessum tilgangi. Þá buðum við yngstu börnum grunnskólans að koma til okkar og endurvinna pappír með okkur. Auk þessa setjum við ýmsar upplýsingar á heimasíðuna s.s. eins og fundina okkar eins og áður segir og myndir af starfinu hvar kemur fram hvernig við nýtum það efni sem til fellur o.s.v.frv.

Allt lífrænt efni fer í þar til gerða tunnu og leikskólinn leggur sig fram um að henda ekki matarafgöngum og t.a.m. höfum við stundum maukað afganga og steipt í fitu sem við setjum svo í litla netpoka og hengjum upp í tré handa fuglunum. Daglega fara fram umræður um mat og nýtingu hans á hádegis og kaffitímum.

Umhverfissáttmáli Heilsuleikskólans Kærabæjar

Í leikskólanum Kærabæ er áhersla lögð á að draga úr umfangi sorps, að endurnýta á sem fjölbreyttasta hátt og að virðing fyrir umhverfinu verði sjálfsagður þáttur í öllu starfi leikskólans. Til þess að halda umhverfi okkar hreinu einsetjum við okkur að tína upp það rusl sem á vegi okkar verður í vettvangsferðum og hirðum úr því það sem við getum nýtt í skapandi starf.

Lokaorð

Að vinna að umhverfismálum með leikskólabörnum er að leggja línurnar fyrir umhverfismál framtíðarinnar. Það bíða mörg og ærin verkefni fyrir komandi kynslóðir og mikil áskorun fyrir okkur sem eldri erum að innleiða ríka umhverfisvitund, bæði hvað varðar okkur sjálf sem þátttakendur á jörðinni og að miðla til þeirra yngstu á fyrsta skólastigi svo umhverfisvitund verði smám saman partur af eðlilegri og daglegri hugsun þeirra kynslóða sem taka við.

Fáninn sem blaktir hér við hún vekur okkur til umhugsunar á hverjum degi. Vinnan við hann er lærdómsrík, gefandi og nauðsynleg. Að vinna að því að Heilsuleikskólinn Kærabæ verði áfram umhverfisvæn stofnun er verkefni sem okkur er ánægja að vinna að á lýðræðislegan hátt. Verkefnið hefur verið okkur mikil hvatning á öllum sviðum og við vonum sannarlega að okkur takist það áfram.

F.h. Umhverfisnefndar Heilsuleikskólans Kærabæjar
Guðrún Sigurðardóttir
Leikskóla- og verkefnisstjóri